LEIÐARENDI

HAFNARFJÖRÐUR

JARÐFRÆÐI

Hraunhellirinn Leiðarendi er í þjóðlendu milli Hafnarfjarðar og Grindavíkur innan Reykjanesfólkvangs. Auk þess njóta hraunhellar sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum (61 gr. laga nr. 60/2013) og allir dropsteinar í hellum landsins eru friðlýstir.

Hraunhellar myndast þegar kvika rennur í hraunrás undir yfirborði, sem síðan nær að tæmast áður en kvikan storknar. Leiðarendi myndaðist í hraungosi úr Stórabolla í Grindarskörðum fyrir um 2000 árum. Yfir það hraun rann svo yngra hraun fyrir rúmlega 1000 árum sem kennt er við gíginn Tvíbolla. Það hraun hefur náð að brjóta sér leið inn í hellinn á nokkrum stöðum. Leiðarendi er um það bil 900 metra langur, með fjölda viðkvæmra hraunmyndana eins og dropsteina, hraunstráa og hraunsepa, ásamt litríkum útfellingum.
Dropsteinar, hraunstrá og hraunsepar í hellum myndast við kólnun hraunsins og eru fullmótuð fljótlega eftir að hraunið myndast. Þau halda ekki áfram að vaxa eins og t.d. dropsteinar í kalkhellum erlendis. Því er allt rask á þeim varanlegt.

Hraunin tvö við Leiðarenda nefnast einnig eldra og yngra Hellnahraun þegar nær dregur byggð. Þau mynduðu Hvaleyrarvatn og Ástjörn sem eru hraunstíflað vötn.

UMGENGISREGLUR

- Leiðsögumenn eða fararstjórar skulu útvega sér leiðbeiningar um umgengnisreglur hjá Hafnarfjarðarbæ áður en farið er með hópa inní hellinn.
- Hámarksstærð hópa eru 8 manns á hvern leiðsögumann.
- Ekki má snerta hraunstrá, dropsteina eða viðkvæmt hellaslím á veggjum og í lofti.
- Fararstjórar bera ábyrgð á að útvega nauðsynlegan búnað eins og hjálma og ljós.
- Ekki má kveikja eld inni í hellinum.
- Öll neysla matar og/eða drykkja er bönnuð.
- Landvörður er starfandi í fólkvanginum og brot á þessum reglum verða kærð til lögreglu.



GEOLOGY

The lava cave named Leiðarendi is located on public land between Hafnarfjörður and Grindavík, within the Reykjanes park. Lava caves additionally enjoy special protection according to the Act on Nature Conservation (Article 61 of Act No. 60/2013) and all stalactites in caves in Iceland are protected.

Lava caves are formed when magma flows in a channel under the surface and then channel is then emptied before the magma solidifies. Leiðarendi was formed in a volcanic eruption from Stóribolli in Grindarskörð about 2000 years ago. Younger magma then flowed over that lava, about 1000 years ago, named for the crater Tvíbolli. This magma managed to force its way into the cave in a number of places. Leiðarendi is about 900 meters in length and contains a large number of sensitive lava formations such as stalactites, soda straws and lava flow lobes, along with colorful deposits.

Stalactites, soda straws and lava flow lobes in caves are formed when magma cools and are fully formed shortly after the lava sets. They do not continue to grow like stalactites in limestone caves in other countries. Therefore, all damage to them is permanent.

The two lava formations at Leiðarendi are also called Hellnahraun the older and younger depending on the distance from the town. They formed the lake Hvaleyrarvatn and the pond Ástjörn which are lava-enclosed bodies of water.

CODE OF CONDUCT

- Guides or leaders of tourist groups shall obtain permission from the town of Hafnarfjörður to take groups into the cave.
- The maximum size for groups is 8 people per tour guide.
- Touching soda straws, stalactites or sensitive cave slime on the walls or the ceiling is prohibited.
- Tour guides are responsible for providing necessary equipment such as helmets and lights.
- It is forbidden to light fires inside the cave.
- All consumption of food and/or drink is prohibited.
- A park ranger is on duty in the country park and violations of these rules will be reported to the police.

